



Til:
Efni:
Upplýsingar:

ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is

Áform um friðlýsingu Búrfells, Búrfellsgjár og Selgjár í Garðabæ

Sent: 21-08-2019 08:16:29 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019060029, Bréfalyklar: 41-2 um friðlýsingar svæða eða náttúrumyndana

Tilvísun í mál: 2019060029

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun. dags 20. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn/athugasemdum Náttúrufræðistofnunar Íslands um áform um friðlýsingu Búrfells, Búrfellsgjár og Selgjár í Garðabæ.

Náttúrufræðistofnun svaraði erindi Umhverfisstofnunar um verndargildi framagreinds svæðis með tölvupósti 27. mars sl. sjá meðfylgjandi tölvupóst. Að svo komnu hefur stofnunin engu við þá samantekt að bæta en stofnunin mun væntanlega koma að málinu aftur þegar drög að friðlýsingarskilmálum liggja fyrir og gefinn verður kostur á að gera athugasemdir við skilmálana sbr. það sem kemur fram í erindi Umhverfisstofnunar. Náttúrufræðistofnun er einnig tilbúin til að veita aðstoð við gerð friðlýsingarskilmálanna ef óskað verður eftir því.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Svar Náttúrufræðistofnunar frá 27. mars 2019:

From: Trausti Baldursson <trausti@ni.is>

Sent: miðvikudagur, 27. mars 2019 11:51

To: Ingibjörg Marta Bjarnadóttir <ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is>

Subject: Re: Beiðni um verndargildi í Garðabæ

Tilvísun í mál: 2019030022

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts, dags. 14. mars sl., þar sem óskað er eftir upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands um verndargildi, náttúrufar og dýralíf Búrfells, Búrfellshrauns og Selgjár í Garðabæ.

Jarðfræði og landslag:

Búrfellshraun rann snemma á nútíma fyrir um 8100 árum (Guðmundur Kjartansson 1973). Hraunið kemur úr Búrfelli, stökum gjall- og klepragíg sem tilheyrir eldstöðvakerfi Krýsuvíkur. Búrfellshraun ber nokkur mismunandi nöfn. Hraunið hefur breytilega ásýnd eftir svæðum. Næst upptökunum í Búrfelli er hraunið slétt helluhraun með hrauntröðum eða hraunrásum með hellum. Fjær upptökunum er það klumpahraun, en það er millstig milli helluhrauns og apalhrauns (Ingi Þ. Kúld 2005, Þorvaldur Þórðarson 2013). Í upphafi flæða slík hraun sem helluhraun, en

Þegar yfirborðsskorpan brotnar upp í fleka kallast það klumpahraun.

Merkar hrauntraðir eru í helluhraununum næst Búrfelli. Í gjánum er talsvert um fornminjar, seljarústir og fjárskjól. Kringlóttagjá er sunnan við Búrfell og Lambagjá við Kaldársel. Búrfellsgjá og Selgjá liggja frá Búrfelli að Urriðakotshrauni. Þær eru í raun sama hrauntröðin, en hún skiptir um nafn við Hrafnagjá. Næst gígnum er Búrfellsgjá þröng og með bröttum veggjum. Þegar kemur niður á jafnsléttu verður hún lægri og víðari. Selgjá er slétt og breið með lágum veggjum. Hún hverfur á kafla þar sem hraunrásir með hellum taka við, en kemur aftur fram á kafla rétt þar sem háspennulínur liggja norðar í Heiðmörk.

Fjölmargir hraunhellar og skútar eru í Búrfellshrauni. Margir þeirra hafa nýst sem fjárhellar og eru hleðslur við suma þeirra. Langflestir þeirra eru hraunrásarhellar sem myndast þegar hraunrásir tæmast. Margir slíkir eru rétt norðan við enda Selgjár og kallast þeir einu nafni Selgjárhellar. Maríuhellar við norðurenda Urriðakotshrauns eru einnig sömu gerðar (Árni Hjartarson 2009).

Fjölmargar sprungur og misgengi eru á svæðinu. Stefna þeirra er í langflestum tilvikum til norðausturs. Mestu og virkustu misgengin eru á mörkum Selgjár og Búrfells (Jón Jónsson 1965). Þar gengur Hjallamisgengið þvert yfir hraunið ásamt nokkrum minni misgengjum, þ.á m. Hrafnagjá og Vatnsgjá.

Verndargildi svæðisins felst fyrst og fremst í jarðfræðinni, jarðmyndunum svæðisins. Búrfell og hrauntraðir frá gígnum, gjárnar og misgengi eru mjög áberandi í landi og mynda landslag sem er greinilega mótað af þeim jarðfræðiferlum sem það ber vitni um. Svæðið er því mjög gott dæmi um framangreinda ferla og jarðmyndanir og auk þess aðgengilegt og tilvalið til fræðslu og útivistar fyrir stóran hluta þjóðarinnar vegna nálægðar við höfuðborgarsvæðið. Æskilegt væri að stækka fyrirhugaða friðun til norðurs þannig að hún nái yfir norðurenda Selgjár og Selgjárhella.

Vistgerðir:

Helstu vistgerðir innan svæðisins eru birkiskógur sem líklegast flokkast sem kjarrskógavist (sjá einnig skóglendisvefsjá Skógræktarinnar: núverandi hæð birkis 1,5-3 m, krónuþekja á bilinu 30-60%, aldur, á vaxtarskeiði 30-60 ára, <http://iceforestservice.maps.arcgis.com/apps/webappviewer/index.html?id=de3bbce4966b4290847ba4ae0c87d3f3>)

Hraunlendi, þar er fyrst og fremst um að ræða mosahraunavist, en einnig lynghraunavist á milli og á stöku stað eyðihraunavist. Eyðimelavist er skráð við Búrfell en skoða þarf hvort þar sé ekki frekar um að ræða eyðihraunavist sem að vísu kemur þar einnig fyrir í jöðrum.

Í skjólgóðum svæðum sem liggja lægra í landi er að finna lyngmóavist og grasmóavist.

Skilgreind skógræktarsvæði (nýskógrækt) eru einnig töluverð rétt utan við fyrirhugað nýtt verndarsvæði og í jöðrum þess og eitthvað innan afmarkaðra svæða nyrst og vestan við Heiðmerkurveg. Til að kortleggja svæðin nákvæmlega þyrfti að gera það á vettvangi en stuðst var við lofmyndir og vistgerðakort NÍ auk gagna frá

Skógræktinni. Lúpína nær aðeins inn á svæðið en stórar breiður lúra í hraunjaðrinum norðan megin. Ástæða að halda henni í skefjum frá hrauninu svo og sjálfháningu framandi trjátegunda inn á svæði sem getur eyðilaggt ásýnd á þær jarðmyndanir og landslag sem á að vernda.

Flóra:

Blátoppa (*Sesleria albicans*) sem er á valista (VU; tegund í nokkurri hættu) er skráð í gagnagrunn NÍ innan afmarkaðs svæðis, nánar tiltekið við Búrfell og er einnig skráð á nokkrum nálægum stöðum. Ekki eru skráðar aðrar válistategundir á svæðinu en þrjár tegundir burkna, fjöllaufungur, dílaburkni og fjallaliðfætla sem hafa allar miðlungi hátt verndargildi (6) hafa verið skráðar við Búrfell.

Skráning mosa og fléttna á svæðinu er ónákvæm.

Verndargildi vistgerða á svæðinu skv. frummati eins og það kemur fram í fjölríti NÍ nr 54 Vistgerðir á Íslandi:

Engar vistgerðir innan svæðisins teljast vera með mjög hátt verndargildi en kjarrskógavist, lyngmóavist og grasmóavist eru metnar með hátt verndargildi. Auk þess njóta birkiskógar sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd (Lög 60/2013) "sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré". Skrá yfir birkiskóga (Skógræktin) skv. þessari skilgreiningu hefur ekki verið birt.

Refur:

Vitað er um refagreni í og við svæðið og er það líklega innan óðals kennt við "Smyrlabúðagreni". Nokkur greni, grenjasería, fylgir sprungunni sem liggur á ská í gegnum svæðið frá neðra vinstra horni myndarinnar og upp í efra hægra hornið. Líklega er virkasta grenstæðið utan svæðisins en svæðið er þó mikilvægur hluti óðalsins

Um er að ræða gamalt refaóðal og grenin eru í náttúrulegu neðanjarðarkerfi í hrauninu og ekki augljós uppi á yfirborðinu. Slík greni geta verið afar gömul en þau eru mikilvæg sem skjól og vörn gegn truflun og ágangi manna (og hunda), sérstaklega þar sem staðsetningin er svo nálægt athafnasvæði, byggð og umferð útivistarfólks.

Fuglalíf:

Fuglalíf er fremur lítið og strjált; smyrill og hrafn hafa orpið á svæðinu, en ekki árlega. Skógarpröstur, þúfutittlingur og hrossagaukur eru algengastir varpfugla. Einnig lóa, rjúpa, spói og steindepill. Svæðið er ekki meðal mikilvægra fuglasvæða á Íslandi.

Heimildir:

Guðmundur Kjartansson 1973. Aldur Búrfellshrauns við Hafnarfjörð.

Náttúrufræðingurinn 42: 159–183.

Ingi Þ. Kúld 2005. Búrfellshraun við Hafnarfjörð: uppbygging, flæðiferli og

myndunarsaga. B.S. ritgerð við Raunvísindadeild Háskóla Íslands, Reykjavík.
Þorvaldur Þórðarson 2013. Hraun. Í: Júlíus Sólmes ritstj. Náttúruvá á Íslandi: Eldgos og jarðskjálftar, bls. 105–129. Reykjavík: Viðlagatrygging Íslands, Háskólaútgáfan.
Árni Hjartarson 2009. Búrfellshraun og Maríuhellar. Náttúrufræðingurinn 77: 93–100.
Jón Jónsson 1965. Bergsprungur og misgengi í nágrenni Reykjavíkur. Náttúrufræðingurinn 35: 75–95.

Kristján Jónasson og Ásrún Elmarsdóttir, Urriðavatnsdalir: gildi náttúruminja
Unnið fyrir Styrktar og líknarsjóð Oddfellowa
NÍ-16005 Garðabær, desember 2016

Gagnasöfn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Ingibjörg Marta Bjarnadóttir <ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is>
Dags: 03/14/2019 11:41:19 AM
Til: "ni@ni.is" <ni@ni.is>
Efni: Beiðni um verndargildi í Garðabæ

Góðan dag

Garðabær hefur óskað eftir því við Umhverfisstofnun að friðlýsa Búrfell, Búrfellshraun og Selgjá í Garðabæ.

Hluti svæðisins er innan Reykjanesfólkvangs en vinnan mun miða að því að friðlýsa svæðið sem náttúruvætti. Var svæðið friðlýst árið 2014 en var sú friðlýsing afturkölluð 2016.

Meðfylgjandi er kort af því svæði sem var friðlýst 2014 en nú mun Selgjáin í heild líkleg falla öll innan hins friðlýsa svæðis þannig að svæðið sem afmarkað er á kortinu mun stækka sem því nemur til norðvesturs.

Meðal þeirra þátta sem líta þarf til við vinnslu friðlýsingaskilmála er verndargildi, náttúrufar og dýralíf á svæðinu. Umhverfisstofnun óskar því eftir upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands um verndargildi, náttúrufar og dýralíf Búrfells, Búrfellshrauns og Selgjár í Garðbæ.

Bestu kveðjur, Best regards

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

Sérfræðingur, Advisor

Svið samþættingar, Department of Integration

[IMAGE]

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Bréfasími / Fax: +354 591 2010

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer)

Trausti Baldursson

Náttúrufræðistofnun Íslands

Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8

210 Garðabær

Sími/Tele: 590 0500

Email: trausti@ni.is

